

L Ö G

44

9. júní

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra
1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og vinningar í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, sem félög þessi efna til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

45

9. júní

um orlof húsmæðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði hvers héraðs-sambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því sambandi. Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

2. gr.

Í hverri orlofsnefnd skulu vera þrjár konur, kosnar á aðalfundi hlutaðeigandi héraðssambands, og þrjár til vara. Kosið skal til þriggja ára í senn. Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum. Þær skulu vera ólaunaðar.

3. gr.

Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu.
2. Með framlögum bæjar- og hreppsfélaga.